



Alþingi  
Erindi nr. P 139/149/  
komudagur 25.2.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

# Jafnréttisstofa

Akureyri 24. febrúar 2011.

**Efni:** Umsögn Jafnréttisstofu um þált. um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, 211. mál, þskj. 233, 139. lþ.

Með tölvubréfi dags. 10. febrúar 2011 óskaði allsherjarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um þingsályktunartillögu um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, 211. mál, þskj. 233.

Jafnréttisstofa tekur undir það að brýnt sé að rannsaka stöðu þessa hóps kvenna og koma með tillögur að úrbótum varðandi stöðu þeirra þar sem þess er þörf og er því fylgjandi því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Í þált. er lagt til að í starfshópnum verði einn fulltrúi dómsmála- og mannréttindaráðherra, nú innanríkisráðherra, einn fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, nú velferðarráðherra, einn tilnefndur af Samtökum um Kvennaathvarf og einn tilnefndur af Útlendingastofnun. Jafnréttisstofa bendir á að mikil þekking er á málum og stöðu erlendra kvenna hjá Rauða krossinum, Mannréttindaskrifstofunni, Samtökum kvenna af erlendum uppruna og Stígamótum. Jafnréttisstofa telur heppilegra að fjölga í starfshópnum, a.m.k. um einn og leggur til að fulltrúi komi frá einhverjum af þessum fernum samtökum sem nefnd eru hér fyrir ofan. Ekkert væri því reyndar til fyrirstöðu, að mati Jafnréttisstofu, að fulltrúar í hópnum yrðu fleiri en fimm og því gætu jafnvel öll ofangreind samtök tilnefnt aðila í starfshópinn.

Jafnréttisstofa bendir einnig á 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 varðandi tilnefningar og skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Sérstaklega minnir Jafnréttisstofa á 2. mgr. 15. gr. þar sem segir að tilnefningaraðilar skuli bæði tilnefna karl og konu. Ábyrgðin á því að skipun nefnda, ráða og stjórna sé í samræmi við 1. mgr. 15. gr. jafnréttislaganna er síðan hjá skipunaraðilanum.

Ef óskað er frekari upplýsinga eða útskýringa, vinsamlegast hafið þá samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,  
f.h. Jafnréttisstofu

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur